

Sagnir með eignarfallsfrumlagi

Þórhallur Eypórsson (tolli@hi.is)

Sagnir með eignarfallsfrumlagi eru sjaldgæfar í íslensku. Jóhannes Gísli Jónsson (1997–98) telur upp sjö slíkar sagnir (1a). Við þessa runu má bæta fáeinum sögnum öðrum, auk sagnasambanda með *vera* sem sýna fallamynstrið eignarfall–nefnifall (1b).

- (1) a. *bíða, geta, gæta, kenna, missa við, njóta (við), þurfa*
b. *Þess er kostur, nauðsyn, von, þörf..*

Enn fremur samsvara eignarfallsfrumlög í þolmyndarsetningum (2b) eignarfallsandlögum í germyndarsetningum (2a). Þá samsvarar eignarfallsfrumlag í móðursetningu nafnháttarsetninga eins og (3b) eignarfallsandlagi sagnarinnar í (3a) (m.a. Halldór Ármann Sigurðsson 1989 og Höskuldur Þráinsson 2005, 2007).

- (2) a. *Dyravörðurinn krefst nafnskírteina.* b. *Nafnskírteina er krafist.*

- (3) a. *Við væntum þess.* b. *Þess er að vænta.*

Þótt slík atriði séu vel þekkt hefur tiltölulega lítið verið fjallað um sagnir með eignarfallfrumlagi. Í þessum fyrirlestri er reynt að bæta úr því með því að beina sjónum að sögnunum og sagnasamböndunum í (1) frekar en að setningagerðunum í (2)–(3). Þrennt kemur einkum til álita hér.

Í fyrsta lagi koma allar sagnirnar í (1a) bæði fyrir með frumlagi og andlagi í eignarfalli. Hins vegar taka ekki allar sagnir eignarfallsfrumlag þótt þær taki eignarfallsandlag. Hafa ber í huga að merkingarvensl andlags og frumlags eignarfallssagna eru ekki í öllum tilvikum gagnsæ samtímalega (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1989) þótt þau séu það oftast í sögulegu samhengi. Enn fremur taka sumar sagnir með eignarfallsfrumlagi með sér nefnifallsandlag; flestar þeirra eru sagnasambönd eins og í (1b). A.m.k. ein sögn sem tekur fallarammann eignarfall–nefnifall er skiptisögn (Helgi Bernóðusson 1982 o.fl.). Það er sögnin *bíða* en með henni er frumlagið ýmist í eignarfalli og andlagið þá í nefnifalli (4a) eða þá að frumlagið er í nefnifalli en andlagið í eignarfalli (4b).

- (4) a. *Fangans hafa ekki bedið grimm örlög.* b. *Grimm örlög hafa ekki bedið fangans.*

Í öðru lagi hefur merkingarhlutverk sagna með eignarfallsfrumlagi verið talið óljóst (t.d. Höskuldur Þráinsson 2005, 2007). Það virðist þó mega færa rök fyrir því að frumlagið sé jafnan þema fremur en skynjandi eða mark. Þessi greining fær aukinn stuðning af því að sagnir með eignarfallsfrumlagi hegða sér svipað og tiltekna þema-sagnir með þolfalls- og þágufallsfrumlagi. Saman mynda áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir af þessu tagi „ergatíf þör“ sem sýna kerfisbundin víxl á milli áhrifssagna og áhrifslausra sagna (t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1989). Í stuttu máli má lýsa setningafræðilegri hegðun þessara sagna þannig að aukafall á andlagi áhrifssagnar sé „varðveitt“ á frumlagi áhrifslausa afbrigðisins. Áhrifslausu sagnirnar í þessu mynstri eru án ytri rökliðar í setningunni; þær eru nefndar „antikásatífar“ sagnir eða „andorsakarsagnir“ þar sem þær eru eins konar andhverfa orsakarsagna (Kjartan Ottósson 1986, 2013). Augljóslega var þetta ferli virkt í (for)sögu íslenskunnar og virðist raunar ekki vera dautt úr öllum æðum með sumum sögnum í nútímaíslensku (Sigríður Sæunn Sigurðardóttir og Þórhallur Eypórsson 2022, 2024).

Í þriðja lagi eiga eignarfallssagnir sér hliðstæður í þýsku og forngermönskum málum (m.a. Jóhanna Barðdal 2023). Þar er þó sjaldnast um beinan orðsifjafræðilegan skyldleika að ræða. Vísbendingar eru um að flest eignarfallsfrumlög hafi orðið til í forníslensku en eigi sér ekki eldri rætur.